

Nd.

132. Frumvarp til laga

[6. mál]

um almannavarnir.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. nóv.)

Samhljóða þskj. 6 með þessum breytingum:

17. gr. hljóðar svo:

Húseigendum er skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að hafa í húsum sínum nauðsynleg björgunar- og eldvarnatæki, eftir því sem almannavarnanefnd ákveður nánar.

Nú er mannvirki þannig háttað, að eyðing þess eða skemmdir á því geta haft í för með sér verulega hættu fyrir umhverfið, og getur ráðherra þá fyrirskipað eiganda eða umráðamanni þess að gera viðeigandi öryggisráðstafanir, enda taki ríkissjóður þá þátt í kostnaði eftir mati dómkvaddra manna, hafi eigi tekizt samkomulag um skiptingu kostnaðar.

Trúnaðarmönnum almannavarna er heimill aðgangur að fasteignum til eftirlits með ráðstöfunum til einkavarna.

25. gr. hljóðar svo:

Kostnaður samkv. 4. gr. laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Ríkissjóður greiðir kostnað samkvæmt 5. gr., en hlutaðeigandi sveitarstjórnnum ber að endurgreiða þriðjung kostnaðarins. Nú hefur sveitarstjórn fyrir gildistöku laga þessara aflað sjúkrahúsgagna til almannavarna, og má þá sveitarfélagið greiða sinn hluta kostnaðarins með þeim.

Kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almannavarna en um getur í 1. og 2. málsg. greiðist úr ríkissjóði, en endurgreiða skulu hlutaðeigandi sveitarsjóðir $\frac{1}{3}$ hluta kostnaðar af opinberum öryggisbyrgjum og helming annars kostnaðar.